



UMHVERFISSTOFNUN

Fjarðabyggð
Anna Berg Samúelsdóttir
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 8. júní 2017
UST201706-077/B.S.
10.05.03

Efni: Barðsnes – vegagerð. Umsögn

Vísað er til bréfs Fjarðarbyggðar dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Um er að ræða lagfæringu núverandi slóðar frá Viðfirði út að Barðsnesi og smávægilegri færslu slóðarinnar á tveimur til þremur stöðum.

Reynt verður að hafa lækjarfarvegi akfæra í stað þess að setja niður ræsi. Efnistaka er einungis fyrirhuguð á einum stað í svokölluðum Merkihrygg þar sem tekin verður skering.

Framkvæmdin er innan svæðis nr. 650 á náttúruminjaskrá og telst verndargildi svæðisins einkum felast í fögru og fjölbreytilegu fjallendi og fagurri strandlengju.

Umhverfisstofnu telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Stofnunin telur að við efnistöku eigi að leggja áherslu á að skeringin falli vel að landi, ekki verði grafnir „skápar“ og að halli skeringar og skeringarbrúnir falli sem best að landi. Bent er á vefinn namur. Is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfallst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

